

Mál nr. 16

Tindastóll gegn ÍH

Kæra Tindastóls Dómkröfur

Knattspyrnudeild Tindastóls krefst þess að úrslit leiks Í.H. og Tindastóls sem fram fór laugardaginn 20 september kl: 14.00 að Ásvöllum og lyktaði með 1-0 sigri ÍH verði felld úr gildi og Tindastól dæmdur sigur í leiknum 0-3. Að auki verði Knattspyrnudeild Í.H. dæmd til refsingar og verði sektuð með ítrasta hætti eins og ákveðið er með reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Málavextir

Málavextir í stuttu máli eru þeir að samkvæmt úrskurði aganefndar þann 16 september, var þjálfari Í.H. Mikael Nikulásson dæmdur í leikbann vegna 4 gultra spjalda og samkvæmt reglum KSÍ tók bannið gildi á hádegi næsta föstudag þar á eftir.

Í vallarhúsi þar sem m.a. búningsklefarnir eru, var Mikael Nikulásson fyrir leik og ræddi þar við bæði leikmenn sína og aðstoðarþjálfara sinn. Þetta gerist um 50 mín. fyrir leik. Þá færir hann sig í starfsmannaáðstöðu sem er á móti klefadyrum ÍH og þar koma ítrekað bæði leikmenn og aðstoðarþjálfari hans og ræða við hann. Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Tindastóls, Skúli V. Jónsson, benti eftirlitsmanni leiksins, Skúla Þór Sveinssyni, á þetta og tilkynnti honum jafnframt að viðkomandi aðili sé í leikbanni og eigi ekki að vera hluti að undirbúningi leiksins og á þeim stað sem hann væri.

Meðan á leik stóð, var Mikael við hliðarlínu leikvallar og kallaði ítrekað fyrirskipanir og fyrirmæli til sinna leikmanna.

Í hálfleik verða þjálfari Tindastóls Róbert Haraldsson og Skúli V. Jónsson vitni af því þegar Mikael kallar á aðstoðarþjálfara sinn til sín sem fer og ræðir við hann og saman ganga þeir til búningsklefans.

Strax að leik loknum, þegar dómari flautar til leikloka kemur Mikael Nikulásson inn á völlinn til að fagna úrslitum leiksins með sínum leikmönnum. Róbert Haraldsson og Skúli V. Jónsson benda dómurum leiksins á háttsemi Mikael og að hún samræmist ekki umræddu leikbanni Mikael Nikulássonar.

Tilvísun

40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.
Ákvæði 13.7 og 13.8 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Röksemdir

Samkvæmt gr. 40.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er skýrt tekið fram um að lið sem mætir ólöglega til leiks og félag sem notar leikmann, **þjálfara**, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Ákvæði 13.8 gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál tryggir að ef leikmaður, sem er jafnframt þjálfari liðsins sé úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

Í gr. 13.7 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er nánar gert grein fyrir hvernig félag notar þjálfara í leikbanni. Þar kemur fram að þjálfari sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfanda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómarrar hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsklefum eða annar staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.

Dómstóll KSÍ hefur við túlkun á þessari reglu vísað til þess að þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt og ákvæðinu er ætlað að leggja bann við því að þjálfari hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Með því að þjálfara sé óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við liðið, verður það ekki túlkað með öðrum hætti en að verið sé að reyna að **koma í veg fyrir öll samskipti milli þjálfara og liðs hans**. Þessi túlkun kemur m.a. fram í dómi knattspyrnudómstól KSÍ í máli knattspyrnudeildar ÍR gegn Leiftri/Dalvík frá 9. september 2005 í máli nr. 8/2005 og í dómi knattspyrnudómstóls KSÍ í máli Íþróttafélagsins Vína gegn Neista Djúpavogi frá 23. ágúst 2006 í máli nr. 8/2006.

Háttsemi Mikael Nikulássonar þjálfara ÍH braut augljóslega í bága við tilgreind ákvæði reglugerða KSÍ. Þjálfarinn var í miklum tengslum við lið sitt bæði fyrir leik, meðan á leik stóð, í hálfleik og eftir leik áður en dómarrar gengu til búningsherbergja. Voru samskiptin þess eðlis að þjálfarinn telst hafa tekið þátt í leiknum sem honum var óheimilt að gera sökum leikbannsins. Eftirlitsmanni KSÍ var bent á háttsemi þjálfara ÍH fyrir leik og það duldist ekki áhorfendum að þjálfari ÍH var að stjórna leik sinna manna með fyrirskipunum meðan á leik stóð. Dómarrar leiksins voru einnig vitni af því þegar Mikael kom inn á leikvöllinn í leikslok.

Að framangreindu virtu ber að taka kröfu kæranda til greina og dæma leikinn tapaðan fyrir ÍH, með úrslitunum 0-3. Um sektir er vísað til grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Vitni

Nafn: Skúli V. Jónsson
Staða: Framkvæmdastjóri Tindastóls.

Nafn: Róbert Jóhann Haraldsson.
Staða: Þjálfari Tindastóls..

Nafn: Skúli Þór Sveinsson
Staða: Eftirlitsmaður KSÍ að umræddum leik.

Einnig er óskað eftir að leiða dómara leiks, ásamt aðstoðardómurum sem vitni.

Sönnunargögn

Útrentun af heimasíðu KSÍ þar sem kemur fram að Mikael Nikulásson var í banni í umræddum leik.

Áskilnaður til að leggja fram frekari gögn og fleira.

Sóknaraðili áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn ásamt vitnum og koma að frekari röksemdum í máli þessu.

Virðingafyllst fyrir hönd sóknaraðila
Björn Ingi Óskarsson

Greinargerð frá ÍH

Kröfugerð:

Þess er krafist að dómkröfum Tindastóls um að Tindastól verði dæmdur sigur í leiknum 0-3 verði vísað frá og úrslit leiksins staðfest.

Málavextir og málsástæður:

Málavöxtum er lýst í kæru Knattspyrnudeildar Tindastóls og er þeim mótmælt harðlega sem röngum og villandi. Hið rétta er að *leikmaður* Í.H. Mikael Nikulásson var skv. fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 16. september sl. úrskurðaður í eins leiks leikbann. Er það viðtekin venja hjá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að tilgreina sérstaklega í úrskurðum sínum ef aðili sem dæmdur er í leikbann er þjálfari liðs. Því er harðlega mótmælt að Mikeal hafi verið þjálfari liðsins í skilningi reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hið rétta er að Mikael hefur verið þjálfari ÍH í 10 af 22 leikjum liðsins í 2. deild í sumar og síðast í leik þann 15. ágúst sl. en síðan þá hefur liðið spilað 6 deildarleiki og má geta þess að þar á undan stjórnaði hann liðinu í leik þann 15. júlí sl. og hefur hann því verið þjálfari liðsins í tveim leikjum af tólf þeim síðustu. Þjálfari liðsins Daníel Einarsson hefur þjálfað lið Í.H. frá 15. ágúst 2008 en hann meiðist í leik við Hvöt þann dag og ljóst var að hann myndi ekki spila meira með félaginu þetta sumarið og þá lá fyrir að Mikael myndi koma inn í hans stað sem leikmaður. Með vísan í framanritað er ljóst að ákvæði greina 13.7 og 13.8 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál eiga ekki við. Lið Í.H. í umræddum leik við Tindarstól var því ekki ólöglega skipað og notaði félagið ekki leikmann í leikbanni svo vísa ber kæru Tindarstóls frá aga- og úrskurðarnefndinni.

Vísað til eftirfarandi reifurnar Mikael's sjálfs á aðkomu hans að leiknum.

Mikael vísar til þess að hann hafi mætt á leikstað en fór út úr klefa leikmanna kl. 12:50 en leikur hófst kl. 14. Eftir það var hann staðsettur í Vallarhúsinu og m.a. spjallaði við þjálfara Tindarstóls, eftirlitsdómara leiksins og blaðamann frá netmiðlinum www.fotbolti.net. Eftirlitsdómari leiksins gerði engar athugasemdir við það að Mikael væri í Vallarhúsi en honum var gert ljóst að Mikael væri í leikbanni. Engin tengsl voru milli Mikael's og leikmanna Í.H. á þessum tíma og hélt hann sig fjarri þeim eftir að hann yfirgaf búningsklefa leikmanna 70. mínútum fyrir leik. Þá fullyrðir Mikael að hann hafi verið á tali við þjálfara Tindarstóls og leikmanns Tindarstóls sem tók út leikbann 50. mín fyrir leikinn en ekki leikmenn Í.H. eins og haldið er fram í kærinni. Þessi leikmaður Tindarstóls sem Mikael ræddi við og var í leikbanni heitir Árni Einar Adolfsson og var einnig úrskurðaður í leikbann á fundi aga- og úrskurðarnefndarinnar þann 16. september sl. Í framhaldi af því fór Mikael í starfsmannaáðstöðu vallarins og hellti uppá kaffi fyrir aðstandendur leiksins án þess að eiga nokkur samskipti við leikmenn Í.H. eða hafa tækifæri til þess að eiga við þá

samskipti. Þjálfari Í.H. í leiknum var Daníel Einarsson, sbr. það sem fyrr segir og ræddi Mikael við hann kl. 12:50 og aftur 10. mínútum eftir leikinn. Fullyrðingum um samtöl þeirra m.a. í hálfleik er mótmælt sem röngum. Hins vegar ræddi Mikael við formann Í.H. stuttlega í hálfleik um málefni ótengd leiknum. Þátttaka Mikæls í leiknum var eins og hvers annars áhorfanda og vísar hann á bug að hann hafi tekið þátt í stjórn Í.H. liðsins eða í tengslum við liðið. Stóð hans lengst af í brekkunni við völlin líkt og hver annar áhorfandi og lét í ljós ánægju sína eða óánægju við einstaka leikmenn við sjálfan sig líkt og áhorfendur gera. Þá er því mótmælt að það sem kann að hafa komið frá honum í hita leiksins geti túlkast sem óeðlileg tengsl hans við liðið enda fullfær þjálfari liðsins sem sá um að stjórna liðinu en engar fyrirskipanir eða fyrirmæli fólust í orðum Mikæls. Það eina sem Mikael er tilbúinn að staðfesta í kærinni er að hann fór inná leikvöllinn þegar flautað hafði verið til leiksloka til að þakka dómara leiksins fyrir leikinn og að svo búnu fór Mikael beint til blaðamanns netmiðilsins www.Fotbolti.net og veitti þar viðtal. Það skal haft í huga við úrlausn máls þessa að með þessum úrslitum var ÍH að tryggja sæti sitt í 2. deild eftir mjög erfitt tímabil og getur það ekki haft úrslitaáhrif um úrslit leikja hvort leikmaður/þjálfari í leikbanni taki í hendina á dómara leiksins að honum loknum án þess að sýnt sé fram á að hann hafi verið í samskiptum við þjálfara liðsins eða einstaka leikmenn þess.

Varðandi þá dóma sem kærandi vísar til þá eiga þeir ekki við í máli þessu enda háttsemi þjálfara í þeim málum annars eðlis en hér um ræðir og öllu alvarlegri en í dómi nr. 8/2005 kemur fram að óumdeilt var að *þjálfari* kærða Leiftur/Dalvíks hafði samband við forráðamenn liðs síns meðan á leik stóð. Í dómi nr. 8/2006 var *þjálfari* kærða Leiknis Fáskrúðsfirði í leikbanni. Hann mætti á völlinn og ágreiningslaust var hann áminntur af dómara leiksins í hálfleik. Þrátt fyrir áminningu dómara hélt hann uppteknum hætti og því var kæranda dæmdur 3-0 sigur. Eins og sjá má eiga þessi dómafordæmi ekki við í máli þessu og máli mínu til stuðnings er vísað til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 5/2008. Tekið er heilshugar undir rök kærða í þeim úrskurði m.a. hvað varðar hlutverk þjálfara og hlutverk áhorfanda auk þess sem dómari og eftirlitsdómari leiksins sáu ekki ástæðu til að gera athugasemdir við framgöngu Mikæls.

Auk ofanritaðs er vísað til framlagðra gagna m.a. útprentun af heimasíðu KSÍ um fund aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 16. september sl. og leikskýrslur ÍH í sumar í 2. deild á vegum KSÍ. Þess ber að geta að við vinnslu greinargerðar þessarar lágu ekki fyrir skýrslur dómara né eftirlitsdómara enda var neitað um afhendingu þeirra á skrifstofu KSÍ og vísað til trúnaðarskyldu.

Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn máli þessu til stuðnings ásamt því að tilgreina vitni og aðila til skýrslugjafar ef eftir því verður leitað á síðari stigum.

Með vísan í framanritaðu eru kröfur kærða ítrekaðar og krafist frávísunar málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Í.H.

Guðbjarni Eggertsson, hdl.
Lögmannsstofa Guðbjarna Eggertssonar ehf.

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, föstudaginn 17. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 16/2008:
Knattspyrnudeild Tindastóls, kt. 690390-1249
gegn
Knattspyrnudeild ÍH, kt. 570595-2109

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Knattspyrnudeild Tindastóls, kt. 690390-1249
Víðigrund 5
Sauðárkróki
S:453-6080 fax: 453-6690
Fyrirsvarsmaður: Björn Ingi Óskarsson.

Kærði:
Knattspyrnudeild ÍH, kt. 570595-2109
Hverfisgötu 22
220 Hafnarfjörður
Fyrirsvarsmaður: Björgvin Helgi Stefánsson, formaður.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23. september sl. Var kærða gefinn frestur í 3 sólarhringa til að skila greinargerð. Greinargerð frá kærða barst 26. september sl.

Kröfur:

Knattspyrnudeild Tindastóls krefst þess að úrslí leiks Tindastóls og ÍH, sem fram fór laugardaginn 20. september kl. 14:00, að Ásvöllum og lyktaði með 1-0 sigri ÍH verði felld úr gildi og Tindastól dæmdur sigur í leiknum 0-3. Að auki verði Knattspyrnudeild Í.H. dæmd til refsingar og verði sektuð með ítrasta hætti eins og ákveðið er með reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að þjálfari kærða, Mikael Nikulásarson, hafi verið dæmdur í leikbann 16. september. Kærandi ber að fyrir leik liðanna þann 20. september hafi Mikael verið í vallahúsi, þar sem m.a. búningsklefar eru, ca. 50 mínútum fyrir leik og rætt þar við leikmenn og aðstoðarþjálfara. Eftir það hafi hann fært sig í starfsmannaaðstöðu og þar hafi leikmenn og aðstoðarþjálfari ÍH ítrekað komið og rætt við hann. Þá hafi hann á meðan á leik stóð staðið á hliðarlínu og kallað ítrekað fyrirskipanir og fyrirmæli til leikmanna sinna. Þá hafi Mikael rætt við aðstoðarþjálfara ÍH í hálfleik og gengið með honum til búningsklefa og þegar leik lauk hafi Mikael farið strax inn á völinn til að fagna úrslitum leiksins með sínum leikmönnum.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 40. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og til ákvæða 13.7 og 13.8 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá vísar kærandi til dóma Knattspyrnudómstóls KSÍ nr. 8/2005 og nr. 8/2006.

Í greinargerð kærða er málavöxtum í kæru mótmælt. Þá telur kærði að Mikael Nikulásarson hafi á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 16. september sl. verið úrskurðaður í eins leiks leikbann sem leikmaður. Því er mótmælt að Mikael hafi verið þjálfari liðsins í skilningi reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá telur kærði að þátttaka Mikael í leiknum hafi verið eins og hvers annars áhorfanda og vísar á bug að hann hafi tekið þátt í stjórn Í.H. liðsins eða verið í tengslum við liðið á umræddum leik. Vísar kærði til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 5/2008 til stuðnings máli sínu.

Gerir kærði þá dómkröfur að dómkröfum Tindastóls um að Tindastól verði dæmdur sigur í leiknum 0-3 verði vísað frá og úrslit leiksins staðfest.

III.

Niðurstaða:

Óumdeilt er að umræddur leikmaður, Mikael Nikulásarson, var á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 16. september 2008 dæmdur í eins leiks bann vegna fjögurra gulra spjalda og bar honum að taka út bannið í leik ÍH gegn Tindastóli þann 20. september 2008. Mikael fékk fjórða gula spjaldið, sem varð til þess að hann var dæmdur í leikbann, í leik ÍH gegn Magna Grenivík þann 14. september 2008. Í umræddum leik skrifar Mikael undir leikskýrsluna sem forráðamaður liðsins. Í ljósi þess að enginn annar er skráður í liðstjórn félagsins á umræddri skýrslu verður að líta svo á að hann hafi gengt hlutverki forystumanns ÍH í umræddum leik og þar af leiðandi nái leikbann það sem hann var dæmdur í þann 16. september 2008 jafnframt yfir störf hans sem forystumanns, sbr. gr. 13.6 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi Mikael Nikulásarsonar hafi farið í bága við ákvæði gr. 13.7 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál.

Í skýrslu eftirlitsmanns KSÍ er gerð athugasemd við það að þjálfari ÍH, eins og hann orðar það, sem var í banni, hafi verið helst til mikið í kringum ÍH liðið fyrir leikinn. Ennfremur hafi hann á meðan á leik stóð kallað í sífellu skipanir til leikmanna ÍH þar sem hann stóð á áhorfandasvæði. Í greinargerð kærða er staðfest að Mikael Nikulásarson hafi verið í vallahúsi og starfsmannaaðstöðu innan við klukkustund fyrir leikinn og að hann hafi rætt við formann ÍH í hálfleik og hafi að leik loknum farið inn á völlinn áður en dómarar gengu til búningsklefa.

Í gr. 13.7 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál kemur fram að „Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómarar hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.“

Grein þessi er skýr og afdráttarlaus varðandi það hvar forystumanni í leikbanni er heimilt að vera á meðan á leik stendur. Forystumanni er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt og verður að ætla að með ákvæðinu sé lagt bann við því að þjálfari eða forystumaður hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Í þessu samhengi er rétt að benda á að ekki skiptir máli hvaða fyrirmæli Mikael Nikulásarson gaf liði sínu né hvað fór honum og forráðamanni kærða á milli í hálfleik.

Telja verður í ljós leitt með skýrslu eftirlitsmanns og með vísan til þess er kemur fram í greinargerð kærða að háttsemi Mikæls fyrir leik, meðan á leik stóð og eftir leik hafi farið gegn ákvæðum gr. 13.7 og telst lið ÍH hafa verið ólöglega skipað í umræddum leik, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Telst ÍH samkvæmt því hafa tapað leiknum 0-3. Þá skal kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 15.000.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik ÍH og Tindastóls 2. deild Íslandsmótsins sem fram fór á Ásvöllum þann 20. september sl. er breytt og Tindastóli dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Kærði, ÍH, greiði kr. 15.000 í sekt til KSÍ.

V.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson

Áfrýjun ÍH

Kröfugerð:

Aðallega er þess krafist að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 16/2008 verði vísað frá en til vara er þess krafist að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 16/2008 verði hnekk og þess krafist að úrslit leiksins verði staðfest með sigri ÍH 1-0.

Málavextir og málsástæður:

Málavöxtum er ítarlega lýst í greinargerð ÍH, dags. 26. september sl. og er vísað til þess er það kemur fram um aðkomu Mikael Nikulássonar að umræddum leik og málsástæðum varðandi hann sem leikmann í leikbanni en ekki sem þjálfari. Þá er því alfarið hafnað sem haldið er fram í úrskurði nr. 16/2008 að Mikael hafi verið forráðamaður liðsins en í því sambandi er byggt á leikskýrslu í leik ÍH gegn Magna Grenivík. Hið rétta er að Mikael Nikulásson hefur ekki haft aðra aðkomu að stjórn eða fyrirsvari liðsins en sem leikmaður frá því skipt var um þjálfara liðsins 15. ágúst sl. Mikael er ekki stjórnarmaður ÍH og var undirritun hans á leikskýrslu í leik ÍH gegn Magna eingöngu til málamynda þar sem enginn þjálfari eða leikstjórnandi var viðstaddur til að rita undir og þar af leiðandi gera leikskýrsluna löglega. Undirritun hans á leikskýrsluna var því eingöngu til að uppfylli skilyrði mótanefndar KSÍ og var það í raun tilviljun ein að Mikael ritar undir skýrsluna en ekki einhver annar af þeim öðrum 15 leikmönnum sem voru á skýrslunni. Þá má geta þess að ekki er merkt við nafn hans bókstafurinn F líkt og reglur mótanefndar gera ráð fyrir þegar um er að ræða forráðamann félags. Þá er auk þessa vísað til þess sem segir í greinargerð áfrýjanda fyrir aga- og úrskurðarnefndinni að á fundi nefndarinnar þann 11. september sl. var Mikael eingöngu dæmdur í leikbann sem leikmaður en ekki þjálfari né forráðamaður og í því sambandi er vísað til meðfylgjandi lista yfir leikmenn sem úrskurðaðir voru í leikbann sama dag en þar er sérstaklega tilgreint að Elvar Gunnarsson og Þórður Vilberg Guðmundsson séu liðstjórar og Lárus Orri Sigurðsson sé þjálfari. Þá er einnig vísað í lista aga- og úrskurðarnefndar dags. 18. júní 2008 en þar er Leifur Garðarson og Ólafur Sigfús Benediktsson sérstaklega tilgreindir sem þjálfarar og það sem meira er að *Björn Vignir Björnsson er sérstaklega tilgreindur sem forráðamaður.*

Varðandi skýrslu eftirlitsmanns þá er það að segja að eftirlitsmaður sá aldrei ástæðu til að ræða við Mikael eða aðvara hann en samt sem áður vísar hann til þess að hann sé **þjálfari** í leikbanni. Miðað við þá úrskurði sem aðilar hafa vísað til á fyrri stigum hefur verið um það að ræða að eftirlitsmaður hefur aðvarað þjálfara í leikbann en þeir ekki látið það nægja og haldið áfram að hafa afskipti að leik liðsins. Þá hefur undirritaður heimildir fyrir því að dómari leiksins hafi ekki gert athugasemdir við framferði Mikael í umræddum leik.

Aðalkrafa áfrýjanda er byggð á því að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi farið út fyrir starfs- og valdsvið sitt og fellt úrskurð í málinu án þess að áfrýjanda hafi verið gert kleypt að svara fyrir þær málsástæður er nefndin byggir úrskurð sinn á. Í því sambandi er vísað til II. kafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar er gerður skýr greinarmunar á annars vegar agamálum og svo kærumálum. Í 7. gr.

reglugerðarinnar segir: *Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kærðu og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 7.2., eftir því sem við getur átt.* Þau gögn sem afhent voru áfrýjanda voru kærða Tindarstóls ásamt lista yfir leikmenn sem dæmdir voru í leikbann á fundi aga- og úrskurðarnefndarinnar þann 16. september sl. Það er meginregla í málum þar sem ákvarðanir eru teknar sem varðað geta réttindi og skyldur að aðilum sé gert grein fyrir málsástæðum og kröfum sem unnt sé á jafnræðisgrundvelli og með vísan í þann andmælarétt er reglugerðin gerir ráð fyrir að svara fyrir þær ásakanir er bornar eru fram. Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndarinnar staðfestir þær málsástæður er áfrýjandi hefur haldið fram um að Mikael sé ekki þjálfari ÍH í skilningi reglugerðar KSI um knattspyrnumót og reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd. Nefndir byggir niðurstöðu sína á eigin rannsókn og fer út fyrir málsástæður og kröfugerð kæranda sem kynntar voru áfrýjanda og því ómögulegt að verjast og halda uppi vörnum útaf. Ekki er um að ræða réttláta málsmeðferð heldur er byggt á gögnum og málsástæðum er ekki komu fram í kærðu Tindarstóls né þeim gögnum er kærán er byggð á. Ekki á valdsviði aga- og úrskurðarnefndarinnar að rannsaka kærúmál heldur er nefndin bundin af þeim málsástæðum er kærandi heldur fram og kynntar voru áfrýjanda. Líkt og fram kemur í úrskurði nefndarinnar undir lið II. þá segir að þjálfari kærða Mikael Hvergi er minnst á hann sem forráðamann né heldur í skýrslu eftirlitsmanns. Í ljósi þess að engar reglur gilda um skráningu þjálfara eða forráðamanna innan KSÍ verður ekki byggt á málsástæðum úrskurðarnefndarinnar þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur aðildarfélag. Um er að ræða nýja málsástæðu um að Mikael hafi verið forráðamaður liðsins í skilning reglugerða KSI og er sú málsástæða of seint fram komin og ekki höfð uppi af réttum aðila eða kæranda og því verður niðurstaða málsins ekki byggð á þeirri málaástæðu.

Með vísan í framanritað er þess krafist að málinu verði vísað frá og úrslit leiksins sem lyktaði 1-0 með sigri ÍH verði látin standa.

Varakrafa áfrýjanda er byggð á því að sem fram kemur í greinargerð áfrýjanda dags. 26. september 2008. Auk þess sem byggt er á þeim málsástæðum er fram koma hér að ofan varðandi aðalkröfu áfrýjanda.

Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn máli þessu til stuðnings ásamt því að tilgreina vitni og aðila til skýrslugjafar ef eftir því verður leitað á síðari stigum.

Með vísan í framanritaðu eru kröfur áfrýjanda ítrekaðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Í.H.

Guðbjarni Eggertsson, hdl.
Lögmannsstofa Guðbjarna Eggertssonar ehf.

Greinargerð Tindastóls

Kröfugerð: Þess er krafist að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 16/2008 verði staðfestur og Tindastól verði dæmdur sigur 0-3, í leik Í.H. og Tindastóls sem fram fór laugardaginn 20 september kl: 14.00 að Ásvöllum.

Málavextir og málsástæður.

Málavöxtum er lýst í kæru Tindastóls og er vísað til þess er kemur fram um aðkomu Mikaeles Nikulássonar í umræddum leik sem og niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í málinu.

Varðandi aðalkröfu áfrýjanda er þess er mótmælt að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi farið út fyrir starfs- og valdsvið sitt í úrskurði sínum. Ákvæði 7.5 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál segir: *Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skrifleg, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.* Aga- og úrskurðarnefndin hefur samkvæmt ákvæðinu mat um það hvenær öll gögn málsins hafa borist nefndinni og hún getur tekið ákvörðun varðandi málsmeðferð eftir móttöku málsins. Með ákvæðinu er nefndinni gefið ákveðið svigrúm til að rannsaka mál sjálf telji hún þess þörf og fer slíkt ekki í bága við þær málsmeðferðarreglur sem reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál kveður um. Slíkt er algengt í málum þar sem þar sem ákvarðanir eru teknar sem varðað geta réttindi og skyldur og er ein grunnregla stjórnarsýslunnar sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þar af leiðandi getur ekki talist ámælisvert af nefndinni að kalla til leikskýrslu í umræddum leik né í leik Í.H. gegn Magna Grenivík þann 14. september þar sem Mikael Nikulásson fékk sitt fjórða gula spjald og hlaut leikbann fyrir.

Þess er einnig mótmælt að brotið hafi verið á andmælarétt áfrýjanda. Með greinargerð sinni þann 26. september 2008 var Í.H. gefin kostur á að gera grein fyrir málsástæðum og kröfum sínum á jafnræðisgrundvelli og var það í samræmi við ákvæði númer 7.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá kom fram í kæru Tindastóls að Mikael Nikulásson hafi verið þjálfari Í.H. Sú málsástæða að Mikael Nikulásson hafi ekki verið þjálfari/forráðamaður í þeim leik er hann hlaut leikbann í, er málsástæða áfrýjanda og ekki fæst séð hvernig brotið var á rétti áfrýjanda til að verjast eða halda vörnum gegn sinni eigin röksemd.

Sú röksemd áfrýjanda að í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndarinnar komi fram ný málsástæða sem er of seint komin og ekki höfð uppi af réttum aðila á ekki við. Málsforræðisregla laga um einkamál er ekki ein af málsmeðferðarreglum aga- og úrskurðarmála. Meginregla einkamálaréttarfars, um að dómari megi ekki byggja á öðrum málsástæðum en þeim sem aðilar hafa haft uppi, getur þannig ekki átt við.

Varðandi varakröfu áfrýjanda er bent á það að Mikael var forráðamaður í leik Í.H. gegn Magna Grenivík þegar hann fékk sitt fjórða gula spjald og hlaut leikbann fyrir. Það staðfesti hann með undirritun sinni á leikskýrslu og breytir engu hvort hann gerði það til málamynda eða af tilviljun. Þá á það ekki að breyta neinu um niðurstöðu málsins hvort Mikael hafi verið forráðamaður eða þjálfari Magna í umræddum leik, þar sem ekki er gerður greinarmunur á þjálfara eða forystumanni samkvæmt ákvæðum 13.7 og 13.8 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Að öðru leyti er vísað til kæru Tindastóls, skýrslu eftirlitsmanns KSÍ í leik Í.H. og Tindastóls og niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndarinnar um málsatvik.

Með vísan í framanrituðu eru kröfur Tindastóls ítrekaðar um að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli 16/2008 verði staðfestur.

Virðingarfyllst,
f.h. Tindastóls

Björn Ingi Óskarsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ

Ár 2008, mánudagur 10. nóvember er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 4/2008
Knattspyrnudeild ÍH
gegn
Knattspyrnudeild Tindastóls.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað aga - og úrskurðarnefnd KSÍ upp þann 17. október sl. Úrskurðarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

“ Úrslitum í leik ÍH og Tindastóls í 2. Deild Íslandsmótsins, sem fram fór á Ásvöllum þann 20. september sl. er breytt og Tindastóli dæmdur 0 – 3 sigur í leiknum. Kærði ÍH greiði kr. 15.000.- í sekt til KSÍ.“

Áfrýjandi krefst þess aðallega að hinum áfrýjaða úrskurði verði vísað frá, en til vara að honum verði hnekkt og þess krafist að úrslit umrædds leiks verði staðfest með 1 – 0 sigri ÍH.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

II

Um málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

III

Aðalkrafa áfrýjanda er að málinu verði vísað frá aga - og úrskurðarnefnd á þeim forsendum að nefndin hafi farið út fyrir starfs og valdsvið sitt og fellt úrskurð í málinu án þess að áfrýjanda hafi verið gert unnt að svara fyrir þær málsástæður sem nefndin byggir niðurstöður sínar á.

Að mati dómsins er sú málsástæða áfrýjanda að aga - og úrskurðarnefnd hafi farið út fyrir starfs og valdsvið sitt haldlaus og ekki studd viðhlýtandi rökum og er henni hafnað.

Á sama hátt er því hafnað að nefndin hafi ekki gætt þess að gefa áfrýjanda kost á að tjá sig um kæruefnið áður en nefndin tók það til afgreiðslu, sbr. 4. tl 7. gr. reglugerðar KSÍ um aga - og úrskurðarmál, enda skilaði áfrýjandi greinargerð til nefndarinnar dags. 26.09.08.

Samkvæmt framanrituðu er aðalkröfu áfrýjanda um frávísun hafnað.

Varakrafa áfrýjanda lýtur að því að úrslit hins kærða leiks standi.

Hvað það varðar er óumdeilt að Mikael Nikulásson hafði verið dæmdur í leikbann, sem hann átti að afplána í umræddum leik.

Samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns KSÍ á leiknum, Skúla Þórs Sveinssonar var umræddur Mikael helst til mikið í kringum lið ÍH og kallaði skipanir til leikmanna frá áhorfendasvæðinu.

Að auki er staðfest í greinargerð áfrýjanda fyrir aga - og úrskurðarnefnd KSÍ að umræddur Mikael hafi verið í vallarhúsi og starfsmannaaðstöðu fyrir leikinn, í leikhléi og eftir leikinn fór hann inn á leikvöllinn áður en dómarar höfðu gengið til búningsklefa og með þessari háttsemi braut hann gegn grein 13. 7. í reglum aga - og úrskurðarnefndar KSÍ.

Áfrýjandi fullyrðir að Mikael hafi ekki verið þjálfari liðsins á þessum tíma, en hann hafi hætt sem slíkur 15. ágúst 2008 og því falli hann ekki undir ákvæði gr. 13. 7. í reglugerð KSÍ um aga - og úrskurðarmál.

Á það verður ekki fallist og vísast til röksemda og sjónarmiða aga - og úrskurðarnefndar varðandi það álitamál.

Í þessu felst að dómurinn hafnar kröfum áfrýjanda í máli þessu og telur rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð .

Dómsorð

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Guðmundur Pétursson
Sævarsson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert